

KFC ehf.
Ársreikningur 2019

KFC ehf.
Garðahrauni 2
210 Garðabær

Kt. 540198-3149

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka matsölustaði, rekstur fasteigna og annar skyldu rekstur. Félagið rekur veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og í Reykjanesbæ. Á árinu störfuðu 145 starfsmenn að meðaltali hjá félaginu miðað við heilsársstörf og námu laun og launatengd gjöld 1.145,8 millj. kr. þ.a. námu launatengd gjöld 198,1 millj. kr.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 92,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam 802,3 millj. kr. í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi og jókst um 27,9 millj. kr. frá lokum fyrra árs. Hlutfé félagsins nam í árslok 1,0 millj. kr. og var óbreytt á árinu. Hlutfé félagsins er allt í eigu Helga Vilhjálmssonar.

Stjórn félagsins leggur til að að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2020 að fjárhæð 50,0 millj. kr. vegna ársins 2019. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Í stjórn félagsins sitja tvær konur og einn karl og uppfyllir félagið því skilyrði laga um kynjahlutföll stjórnarmanna. Kynjahlutföll eru jöfn meðal lykilstjórnenda félagsins.

Heimfaraldur vegna COVID-19 á fyrstu mánuðum ársins 2020 hefur haft mikil áhrif á efnahagsumhverfi. Ekki er að sjá að rekstur félagsins hafi orðið fyrir verulegum áhrifum, en vísað er til skýringu nr. 9 um atburði eftir lok reikningskiladags.

Stjórn og framkvæmdastjóri KFC ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Garðabær, 7. júlí 2020

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa KFC ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning KFC ehf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hafnarfjörður, 7. júlí 2020

KPMG ehf.

Regin S. Gylfason
Hagjón Ólafsson

Rekstrarreikningur árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|-------|----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Seldar vörur | | 3.377.105.160 | 3.201.694.826 |
| Aðrar tekjur | | 1.644.800 | 1.726.525 |
| | | <u>3.378.749.960</u> | <u>3.203.421.351</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.326.349.990 | 1.267.272.884 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 2 | 1.145.757.713 | 1.069.932.684 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 745.417.276 | 635.783.864 |
| Afskriftir | 4 | 38.641.423 | 42.299.552 |
| | | <u>3.256.166.402</u> | <u>3.015.288.984</u> |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 122.583.558 | 188.132.367 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 7.283.579 | 10.135.361 |
| Vaxtagjöld | | (1.185.835) | (2.330.833) |
| Gengismunur | | (2.257.452) | (3.391.091) |
| | | <u>3.840.292</u> | <u>4.413.436</u> |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 126.423.850 | 192.545.803 |
| Tekjuskattur | 3 | (34.404.122) | (38.512.580) |
| Hagnaður ársins | 6 | <u>92.019.728</u> | <u>154.033.223</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|-------|----------------------|----------------------|
| Eignir | | | |
| Fasteignir | | 380.934.112 | 397.279.600 |
| Vélar, tæki og innréttingar | | 51.792.986 | 52.787.152 |
| Bifreiðar | | 11.774.101 | 16.686.666 |
| Rekstrarfjármunir samtals | 4 | <u>444.501.199</u> | <u>466.753.418</u> |
| | | | |
| Birgðir | | 120.029.023 | 110.574.752 |
| Viðskiptakröfur | | 148.896.979 | 154.788.364 |
| Kröfur á tengda aðila | 8 | 96.110.269 | 97.639.048 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.546.677 | 19.824.852 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 18.770.954 | 14.123.856 |
| Handbært fé | | 302.906.786 | 271.850.949 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>688.260.688</u> | <u>668.801.821</u> |
| | | | |
| Eignir samtals | | <u>1.132.761.887</u> | <u>1.135.555.240</u> |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 250.000 | 250.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 801.021.331 | 773.104.168 |
| Eigið fé samtals | 6 | <u>802.271.331</u> | <u>774.354.168</u> |
| | | | |
| Skuldbinding | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 7 | <u>2.119.476</u> | <u>2.100.120</u> |
| | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 200.048.941 | 223.195.556 |
| Næsta árs afborganir af langtímalánum | | 0 | 7.916.667 |
| Skuldir við tengda aðila | 8 | 12.697.258 | 1.887.819 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 7 | 34.384.766 | 38.781.471 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 81.240.115 | 87.319.438 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>328.371.080</u> | <u>359.100.951</u> |
| | | | |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | <u>330.490.556</u> | <u>361.201.071</u> |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>1.132.761.887</u> | <u>1.135.555.240</u> |

Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--|-------|--------------------|-----------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður ársins | 6 | 92.019.728 | 154.033.223 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | 0 | (1.726.525) |
| Niðurfærsla skammtímakrafna | | 45.579.260 | 0 |
| Afskriftir | | 38.641.423 | 42.299.552 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | | 19.356 | (268.891) |
| Veltufé frá rekstri | | <u>176.259.767</u> | <u>194.337.359</u> |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda: | | | |
| Birgðir, breyting | (| 9.454.271) | (28.000.912) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 5.891.385 | (18.717.162) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | (| 33.622.643) | 71.590.194 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | (| <u>37.185.529)</u> | <u>24.872.120</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>139.074.238</u> | <u>219.209.479</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð véla og áhalda | 4 | (16.389.204) | (19.061.095) |
| Söluverð véla og áhalda | 4 | 0 | 350.000 |
| Kaupverð bifreiða | 4 | 0 | (13.260.000) |
| Söluverð bifreiða | 4 | 0 | 7.890.000 |
| Aðrar skammtímakröfur, hækkun | | 13.631.077 | (8.681.824) |
| Kröfur á tengda aðila, hækkun | (| 44.050.481) | (75.092.389) |
| Fjárfestingarhreyfingar | (| <u>46.808.608)</u> | <u>(107.855.308)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Greiddur arður | (| 64.102.565) | (57.692.308) |
| Afborganir langtímalána | (| 7.916.667) | (19.000.002) |
| Skuldir við tengda aðila, hækkun (lækkun) | | 10.809.439 | 1.188.908 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (| <u>61.209.793)</u> | <u>(75.503.402)</u> |
| Hækkun á handbæru fé | | 31.055.838 | 35.850.769 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>271.850.949</u> | <u>236.000.180</u> |
| Handbært fé í lok ársins | | <u>302.906.787</u> | <u>271.850.949</u> |
| Aðrar upplýsingar: | | | |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 7.283.579 | 10.135.361 |
| Greidd vaxtagjöld | (| 1.185.835) | (2.330.833) |
| Greiddir skattar | (| <u>38.136.493)</u> | <u>(35.223.339)</u> |

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|-----------------------------|--------|
| Fasteign | 33 ár |
| Áhöld og innréttingar | 3-4 ár |
| Bifreiðar | 4 ár |

e. Birgðir

Birgðir í árslok eru metnar á innkaupsverði.

f. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á nafnvirði en ef ástæða er til eru þær færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Kröfur að fjárhæð 3,1 millj. kr. voru afskrifaðar á árinu.

g. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

h. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar, frh.:

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---------------------------------|----------------------|----------------------|
| Laun | 947.689.954 | 889.191.917 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 113.319.627 | 98.959.723 |
| Önnur launatengd gjöld | 84.748.132 | 81.781.044 |
| | <u>1.145.757.713</u> | <u>1.069.932.684</u> |

Meðalfjöldi starfsmanna miðað við heilsársstörf 145 146

Laun framkvæmdastjóra námu 13,2 millj. kr. árinu 2019 en námu 13,1 millj. kr. á árinu 2018. Ekki voru greidd stjórnarlaun á árinu.

3. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig

| | | 2019 | | 2018 |
|---|------------|--------------------|------------|--------------------|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | <u>126.423.850</u> | | <u>192.545.803</u> |
| Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutf. | 20% | 25.284.770 | 20% | 38.509.160 |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0% | 3.500 | 0% | 3.420 |
| Niðurfærsla krafna | 7% | 9.115.852 | 0% | 0 |
| Virkur tekjuskattur | <u>27%</u> | <u>34.404.122</u> | <u>20%</u> | <u>38.512.580</u> |

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Bifreiðar | Samtals |
|-----------------------------------|--------------------|----------------------|-------------------|--------------------|
| Heildarverð 1.1.2019..... | 601.418.847 | 247.946.362 | 32.937.444 | 882.302.653 |
| Keypt á árinu | 0 | 16.389.204 | 0 | 16.389.204 |
| Heildarverð 31.12.2019..... | <u>601.418.847</u> | <u>264.335.566</u> | <u>32.937.444</u> | <u>898.691.857</u> |
| Afskrifað áður | 204.139.247 | 195.159.210 | 16.250.778 | 415.549.235 |
| Afskrifað á árinu | 16.345.488 | 17.383.370 | 4.912.565 | 38.641.423 |
| Afskrifað samtals 31.12.2019..... | <u>220.484.735</u> | <u>212.542.580</u> | <u>21.163.343</u> | <u>454.190.658</u> |
| Bókfært verð 31.12.2018 | 397.279.600 | 52.787.152 | 16.686.666 | 466.753.418 |
| Bókfært verð 31.12.2019..... | <u>380.934.112</u> | <u>51.792.986</u> | <u>11.774.101</u> | <u>444.501.199</u> |
| Afskriftahlutföll | 0-3% | 30-35% | 30% | |

Fasteignamat nam 479,5 millj. kr. í árslok 2019. Brunabótamat sömu eigna nam 885,1 millj. kr. á sama tíma.

Vátryggingarverðmæti véla, áhaldna og tækja nam 597,3 millj. kr. í árslok 2019 samkvæmt mati tryggingarfélags. Vátryggingarverðmæti bifreiða miðast við markaðsverð þeirra á hverjum tíma.

5. Birgðir

Birgðir í árslok samanstanda af umbúðum, hráefnum og rekstrarvörum.

Skýringar, frh.:

6. Eigið fé

Útgefið hlutfé félagsins í árslok nam 1,0 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutfé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|--------------------------|------------------|--------------------------|------------------------|--------------------|
| Eigið fé 1.1.2019..... | 1.000.000 | 250.000 | 773.104.168 | 774.354.168 |
| Arður til hluthafa | | | (64.102.565) | (64.102.565) |
| Hagnaður ársins | | | 92.019.728 | 92.019.728 |
| Eigið fé 31.12.2019..... | <u>1.000.000</u> | <u>250.000</u> | <u>801.021.331</u> | <u>802.271.331</u> |

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í lögbundnum varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

7. Tekjuskattskuldbinding

Tekjuskattskuldbinding samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | 2019 | 2018 |
|--|------------------|------------------|
| Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun | 2.100.120 | 2.369.011 |
| Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 34.404.122 | 38.512.580 |
| Tekjuskattur til greiðslu | (34.384.766) | (38.781.471) |
| Tekjuskattskuldbinding í árslok | <u>2.119.476</u> | <u>2.100.120</u> |

Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig á liði ársreikningsins:

| | | |
|---------------------------------------|------------------|------------------|
| Birgðir | 1.200.290 | 1.105.748 |
| Viðskiptakröfur | 1.446.253 | 1.515.621 |
| Aðrir liðir | (527.067) | (521.249) |
| Tekjuskattskuldbinding í árslok | <u>2.119.476</u> | <u>2.100.120</u> |

Tekjuskattur

Félagið mun greiða 34,4 millj. kr. í tekjuskatt á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019.

8. Tengdir aðilar

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Félagið leigir húsnæði og kaupir vörur af tengdum aðila. Starfsmenn systurfélaganna hafa heimild til úttekta á veitingum hjá félögunum sem eru gerð upp við viðeigandi launagreiðanda. Félagið hefur lánað einu systurfélagi sínu 90,0 millj. kr. vegna fyrirhugaðra fasteignaviðskipta félaganna.

Viðskipti við tengda aðila voru eftirfarandi:

| | 2019 | 2018 |
|------------------------|-------------------|--------------------|
| Greidd húsaleiga | 90.000.000 | 100.000.000 |
| Vörukaup | 5.824.893 | 7.322.919 |
| | <u>95.824.893</u> | <u>107.322.919</u> |

Skammtímakröfur á tengda aðila voru eftirfarandi í árslok:

| | | |
|------------------------|-------------------|-------------------|
| Systurfélög | 91.156.139 | 90.600.881 |
| Lykilstjórnendur | 4.954.130 | 6.754.130 |
| Eigandi | 0 | 284.037 |
| | <u>96.110.269</u> | <u>97.639.048</u> |

Skýringar, frh.:

8. Tengdir aðilar, frh.

| Skammtímaskuldir við tengdra aðila voru eftirfarandi í árslok: | 2019 | 2018 |
|--|-------------------|------------------|
| Systurfélög, viðskiptaskuldir | 843.680 | 567.078 |
| Systurfélög, aðrar skammtímaskuldir | 11.853.578 | 1.320.741 |
| | <u>12.697.258</u> | <u>1.887.819</u> |

9. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

COVID-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Ekki er að sjá að rekstur félagsins hafi orðið fyrir verulegum áhrifum vegna faraldursins það sem af er og hefur félagið ekki talið ástæðu til að nýta sér þær aðgerðir, ríkistjórnarinnar, sem hafa verið í boði til að koma til móts við erfiðleika í rekstri félaga. Það er mat stjórnenda félagsins að félagið muni verða rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð.